

Mál nr. 359/2019**M og
V vegna slysátryggingar launþega fyrirtækisins A hjá V****Ágreiningur um hvort vinnuslys hafi átt sér stað.****Gögn.**

Málskot dags. 16.10.2019 ásamt fylgiskjöllum 1-18.

Bréf V dags. 31.10.2019.

Málsatvik.

M lýsir atvikum svo að hann hafi verið við störf hjá A, hinn 15. febrúar 2018, þegar hann slasaðist, en hann hafi verið á lyftara að sækja kassa á pallettu þegar nokkrir kassar féllu á hægri hönd hans. V, sem er vátryggjandi A, hefur hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að tjón M verði ekki rakið til slyssins, m.a. þar sem hann hafi ekki tilkynnt vinnuveitanda um það eða leitað sér lækniáðstoðar fyrr en tveimur vikum eftir slysdag. M mótmælir þessari afstöðu á grundvelli þess að M, sem hvorki sé talandi né lesandi á íslensku, hafi lýst slysinu þegar hann leitaði læknis vegna þess hinn 1. mars 2018, og staðfesti fyrirbyggjandi læknisfræðileg gögn tjón hans, en umrædd gögn sýna m.a. að M hafi gengist undir aðgerð á úlnlið hinn 22. janúar 2019. Þá hafi vinnuveitandi sent tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins, dags. 25. september 2018 þar sem umrædd lýsing á atvikinu komi fram.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að ósannað sé að tjón M megi rekja til slyss er hann hafi orðið fyrir í starfi sínu hjá A. Þess utan sé ósannað að orsakatengsl séu milli tjóns M og tiltekins bótaskylds atviks. Þannig séu engin samtímagögn til staðar um meint slys, og engum vitnum sé til að dreifa. Þá sé ósamræmi milli lýsingar M á atvikum og þeim verkefnum sem hann hafi í raun sinnt á slysdegi. Jafnframt liggi fyrir að A hafi ekki verið tilkynnt um meint slys fyrr en tveimur vikum síðar og hafi M verið vinnufær í millitíðinni. Hvað varði líkamlegt tjón M þá liggi fyrir að M hafi hlotið úlnliðsbrot nokkrum árum áður og bendi læknisfræðileg gögn til þess að einkenni M megi fremur rekja til þess.

Álit:

Svo bótaskylda sé fyrir hendi úr slysátryggingu launþega verður að mega rekja tjón til skyndilegs utanaðkomandi atburðar sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist sannanlega án vilja hans, sbr. gr. 1.2 viðeigandi skilmála. Eins og rakið hefur verið er nokkuð misræmi í gögnum málsins hvað varðar atvik þess. Fram kemur í tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins að engin vitni hafi verið að atvikinu og að enginn hafi vitað af því á slysdegi. Auk þess verður ekki ráðið annað en að M hafi verið vinnufær í einhvern tíma eftir að meint atvik átti sér stað og ekki tilkynnt um það til vinnuveitanda fyrr en tveimur vikum síðar. Verður því að telja atvikalýsingu M ósannaða. Þess utan verður ekki séð af læknisfræðilegum gögnum að einkenni M megi rekja til áverka vegna slyss og raunar virðist af lestri þeirra sem engir áverkar sem slíkir greinist. Hins vegar hefur M þjáðst af, og fengið meðferð vegna, þumallægri sinabólgu. Verður með hliðsjón af framansögðu að telja ósannað að líkamleg einkenni M sé að rekja til slyss sem er bótaskyld úr slysátryggingu launþega.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík 26. nóvember 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.